

Nd.

407. Frumvarp til laga

[195. mál]

um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975—76.)

1. gr.

Bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs skulu undanþegin tekju-
skatti og útsvari þegar þau falla íslenskum ríkisborgurum í skaut.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er hafa bókmenntaverðlaun og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir árið 1976 fallið íslendingum í skaut, þeim Ólafi Jóhanni Sigurðssyni rithöfundu og Atla Heimi Sveinssyni tónskáldi. Telur ríkisstjórnin eðlilegt að verðlaun þessi verði undanþegin tekjuskatti og útsvari en að óbreyttum lögum myndi 1/4 hluti þeirra skattskyldur. Þegar Halldór Laxness hlaut Nóbelsverðlaunin, þá voru þau með sérstökum lögum undanþegin tekjuskatti og útsvari, á sama hátt voru Sonning verðlaunin, sem sami rithöfundur hlaut, undanþegin þessum gjöldum með sérstökum lögum.

Á Norðurlöndum gilda mismunandi reglur um skattlagningu slíkra verðlauna. Á Íslandi myndu bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs eins og áður segir skattlögð að 1/4 hluta en í Danmörku greiðist skattur af allri fjárhæðinni. Í Svíþjóð eru verðlaunin skattfrjáls en nokkurt vafamál virðist vera að hve miklu leyti verðlaunin eru skattskyld í Finnlandi og Noregi, en þó er talið líklegt að ekki myndi krafist skatts af þeim.

Á fundi menntamálaráðherra Norðurlanda, sem haldinn var í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum dögum, kom fram að dönsk stjórnvöld hafa í hyggju að gera bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs skattfrjáls og af Íslands hálfu var lagt til að þau yrðu gerð skattfrjáls í öllum aðildarlöndunum.